

Kaup ML10 ehf. á hlutum í Samhentum Kassagerð hf. og SAMPACK ehf.

1. Þann 26. mars 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup félagsins ML10 ehf. á hlutum í Samhentum Kassagerð hf. og SAMPACK ehf. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunatilkynning samkvæmt ákvæði 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tölvupósti dags. 5. apríl 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 17. gr. d samkeppnislaga byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 27. mars 2024.
2. Í samrunaskrá kemur fram að Samhentir Kassagerð sé í eigu Ásgeirs H. Þorvarðssonar, Bjarna Hrafnssonar, Ásu Líndal Hinriksdóttur auk félaganna Álfakórs ehf., Innís ehf. og SAMPACK. Samhentir auk dótturfélaga hafi um árabíl starfað á heildarmarkaði fyrir framleiðslu og sölu umbúða sem megi skipta í ýmsa undirmarkaði. Þá kemur fram að félagið SAMPACK ehf. sé í eigu fyrrnefndra einstaklinga auk Álfakórs ehf. og Innís ehf. SAMPACK eigi sem fyrr segir eignarhlut í Samhentum Kassagerð ehf., að 18,95% hluta, auk m.a. 50% eignarhlutar í félaginu Bergplast ehf. sem framleiði m.a. endurvinnanlegar plastumbúðir fyrir matvæli.
3. Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að kaupandi, félagið ML10 ehf., hafi verið stofnað árið 2022. Félagið sé í eigu Álfakórs ehf. og Innís ehf. til helminga. Félagið sé eignarhaldsfélag og hafi enga eiginlega atvinnustarfsemi með höndum. Álfakór ehf. og Innís ehf. séu að sama skapi eignarhaldsfélög sem eigi hluti í SAMPACK og Samhentum Kassagerð. Til viðbótar eigi Álfakór 50% eignarhlut í Bergplasti ehf.
4. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er hið selda eignarhlutir fyrrnefndra einstaklinga í Samhentum Kassagerð og jafnframt eignarhluti þeirra í SAMPACK og þ.a.l. óbeinn eignarhluti í Samhentum Kassagerð í gegnum SAMPACK. Samtals sé um að ræða kaup á helmingshlut í SAMPACK ehf. og 40,52% hlut í Samhentum Kassagerð hf. Með kaupunum hverfa fyrrnefndir einstaklingar úr eigendahópi Samhentra Kassagerðar. Samhentir Kassagerð verði því í 47,5% eigu Álfakórs ehf. og 52,5% eigu Innís ehf., beint í gegnum félögin sjálf og óbeint í gegnum eignarhald Álfakórs ehf. og Innís ehf. á félögunum M10 ehf. og SAMPACK ehf.
5. Í umfjöllun samrunaskrár um mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans kemur fram að áhrifin séu engin eða mjög takmörkuð. Hér sé ekki um að ræða samruna keppinauta á markaði eða viðskiptavina heldur breytingar á eignarhaldi á þann veg að félögin Álfakór ehf. og Innís ehf., sem fyrir séu hluthafar í bæði Samhentum og SAMPACK, öðlist bein og óbein yfirráð í heild yfir báðum fyrirtækjum. Með samrunanum verði engin breyting á hlutaðeigandi samkeppnismörkuðum. Líti samrunaaðilar því svo á að ekki sé um láréttan eða lóðréttan samruna að ræða.



6. Í máli þessu byggir niðurstaða Samkeppniseftirlitsins á samrunaskrá, fylgigögnum, og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi markaði. Er enda um að ræða einfalda málsmeðferð á grundvelli styttri tilkynningar samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið tekur ekki afstöðu til markaðsskilgreininga samrunaaðila þar sem þess er ekki þörf í ljósi niðurstöðu málsins.
7. Samruni þessi felur í sér breytingu á gæðum yferráða (e. *change in the quality of control*) í fyrirtækinu Samhentir Kassagerð hf. þar sem Álfakór ehf. og Innís ehf., öðlast beint og í gegnum eignarhaldsfélagið ML10 ehf., sameiginleg yferráð yfir fyrirtækinu. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Fela viðskiptin þ.a.l. í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga.
8. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni þessi leiðir ekki til þess að markaðsráðandi staða verður til eða styrkist né til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Eru því ekki forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga né rannsaka samrunann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

I. Ákvörðunarorð:

„Kaup ML10 ehf. á hlutum í Samhentum Kassagerð hf. og SAMPACK ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson